

Áfangalýsing – DANS2B06RT



Menntaskóli Borgarfjarðar Áfangalýsing – DAN2B06TR

Menntaskóli Borgarfjarðar

Námsgrein:

Danska

Fjöldi framhaldsskólaeininga: 6

Undanfari:

DANS2A06LH

Lýsing á efni áfangans:

Markmið áfangans er að nemendur geti notað dönsku til samskipta við Dani og aðra Norðurlandabúa sem og að lesa sér til gagns texta um ýmis efni á dönsku.

Nemendur æfa jöfnum höndum hlustun, tal, lestur og ritun. Læsi er þjálfað með því að lesa fjölbreytta texta, ýmist prentaða eða af veraldarvefnum. Þá þjálfast nemendur í að hlusta á talað mál af ýmsum miðlum. Nemendur æfa samtöl sín á milli og við kennara. Nemendur þjálfast í að tjá sig á dönsku, skriflega og munnlega.

Nemendur hafa talsvert val um hvaða efni þeir vinna með, en einnig er lögð áhersla á að efla samvinnu nemenda og þeir fá þálfun í að meta eigin framfarir. Nemendum gefst kostur á að sýna hæfni sína með fjölbreyttum verkefnaskilum. Kennsla fer fram á dönsku að miklu leyti.

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- Dönsku máli, danskri menningu og tengslum Íslands og Danmerkur.
- Helstu einkennum danskrar tungu í framburði og rituðu máli
- Skyldleika Norðurlandamálanna.
- Helstu hjálpargögnum, orðabókum, þýðingarvélum, uppsláttarritum og kennsluforritum.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hlusta á danskt mál og skilja helstu einkenni framburðar
- lesa fjölbreytta texta
- tjá sig í ræðu og riti
- lesa fjölbreytta texta á dönsku
- tjá hugsanir sínar á dönsku, skriflega og munnlega

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja allt venjulegt talað mál, t.d. í sjónvarpsfréttum og kvikmyndum
- skilji inntak ritmáls og talmáls um sérhæft efni sem hann þekkir til eða hefur áhuga á
- tjá sig um almenn málefni á skiljanlegri dönsku, bæði munnlega og skriflega
- geti notað dönsku í samskiptum við Dani, og að einhverju leyti í samskiptum við aðra Norðurlandabúa

Námsmat er símat sem nær yfir alla önnina. Það byggist á skriflegum verkefnum og prófum, kynningum nemenda og samtölum og umræðum. Skilningur er mældur með hlustunar- og lesskilnings verkefnum, framsögn með kynningum nemenda og færni í samskiptum með samtalsæfingum.